

FRÍSTUNDIR & MENNING

FRAMUNDAN

- 4. feb.** Fundur í frístunda- og menningarnefnd
- 5. feb.** Fundur í forvarnarteymi
- 6. feb.** Söngkeppni
Samsuð/Kragans, haldin í grunnskólanum, Ásabraut
- 16. feb.** Fundur hjá Samsuð
- 16. feb.** Ráðstefna um málefni ungs fólks, haldin í grunnskólanum
- 25. feb.** Lokafrestur til að skila á efni í Járngerði
- 25. feb.** Lokafrestur að skila inn viðburðum í dagskrá Menningarviku
- 27. feb.** Fundur stjórnenda á frístunda- og menningarsviði
- 2. mars** Fundur í Ungmennaráði
- 5. mars** Fundur í frístunda- og menningarnefnd

Fréttabréfið kemur út einu sinni í mánuði



GRINDAVÍKURBÆR

Starfsáætlun 2015

Starfsáætlun frístunda- og menningarsviðs fyrir árið 2015 hefur verið gefin út og var lögð síðasta fund frístunda- og menningarnefndar. Starfsáætlunin hefur verið sett upp í forni fréttabréfs og verður hún aðgengileg á heimasíðu bæjarins. Jafnframt hefur sviðið gefur út dagatal fyrir starfseminna.

Gömul handavinna óskast

Bókasafn Grindavíkur safnar gamalli handavinnu á meðal Grindvíkinga til þess að fá að láni og sýna í Menningarvikunni 14.-22. mars n.k. Þeir sem vilja lána handavinnu á sýninguna eru beðnir að koma við á bókasafninu og ræða við Margréti.



10 sóttu um forstöðumann bókasafns

Umsóknarfrestur um starf forstöðumanns Bókasafns Grindavíkur rann út um síðustu mánaðarmót. Alls sóttu 10 um og er

ráðningaferlið hafið. Margrét R. Gunnarsdóttir lætur af störfum sem forstöðumaður í lok mars en hún er komin á aldur þótt hún sé enn á besta aldri!

Við minnum á að bókasafnið er opið á laugardögum frá 10-14. Þar er hægt að eiga gæðastund með börnum sínum við að lesa og skoða bækur saman.

Breytingar á aðstöðu Þrumunnar

Félagsmiðstöðin Þruman flutti sem kunnugt er úr Kvennó og í Grunnskóla Grindavíkur við Ásabraut í haust. Í janúar hafa staðið yfir talsverðar framkvæmdir en búið er að opna á milli stofa,

bæta við millivegg, útbúa bíósal, mála alla aðstöðuna, setja diskóbúr og síðast en ekki síst, útbúa lítinn bíósal sem slegið hefur í gegn. Þrátt fyrir framkvæmdirnar hafa

þær lítið raskað öflugri starfsemi Þrumunnar.

Áætlað er að framkvæmdunum ljúki í næstu viku og verður svo aðstaðan til sýnis í Menningarvikunni. Nánar auglýst síðar.

Járngerður kemur út fyrir menningarvikuna eða í kringum 8. mars. Ábendingar um efni í blaðið er vel þegnar á netfangið heimasidan@grindavik.is

VISSIR ÞÚ?

... að 348 iðkendur voru skráðir hjá UMFG í október síðastliðnum. Þar af voru 197 að æfa tvær greinar og 22 að æfa þrjár greinar. Flestir æfðu knattspyrnu og körfubolta.

... að árshátíð Grindavíkurbæjar verður föstudaginn 20. mars nk. í Lava-sal Bláa Lónsins þar sem þemað er Laddi.

... að um 70 foreldrar mættu á fyrirlestur Sigu Daggar kynfræðings fyrir foreldra nemendur unglingsstigs þar sem hún fjallaði um hvernig megi ræða um kynlíf við unglinga.



GRINDAVÍKURBÆR

Útgefandi: Frístunda- og menningarsvið
 ÁBM: Þorsteinn Gunnarsson, sviðsstjóri.
thorsteinng@grindavik.is
 Sími 420 1100.

Fleiri fréttir á
www.grindavik.is

Undankeppni Söngkeppni Samfés á föstudaginn

Það verður mikið um að vera í Grunnskóla Grindavíkur næsta föstudag en þá stendur félagsmiðstöðin Þruman fyrir undankeppni

Söngkeppni Samfés 2015. Vel á þriðja hundrað unglingar í 8.-10. Bekk af Suðurnesjum og víðar munu fylgjast með söngkeppninni og síðan

tekur við ball á eftir. Fjögur söngatriði komast í stóru keppnina í Laugardalshöll í mars. Fulltrúi Grindavíkur í keppninni verður Inga Bjarney Óladóttir.

Undirbúningur fyrir Menningarviku á fullu

Menningarvikan verður að þessu sinni 14 - 22. mars nk. Þetta verður í sjöunda sinn sem Menningarvikan verður haldin og að þessu sinni verður hún með alþjóðlegu ívafi þar sem markmiðið er að sýna þá fjölbreyttu flóru mannlífs sem er í Grindavík. Á meðal þeirra sem hafa boðað komu sína er tónlistarmaðurinn og skemmtikrafturinn Jón Ólafsson með Spjalltónleikaröðina Af fingrum fram sem hefur

notið mikilla vinsælda síðustu árin í Salnum, Kópavogi. Gestgjafinn; Jón Ólafsson, hefur fengið til sín þekktustu tónlistarmenn landsins og farið með þeim í gegnum ferilinn auk þess að heyrja sögurnar á bak við lögin. Gunnar Þórðarson þarf vart að kynna fyrir Íslendingum en hann fagnaði á dögnum 70 ára afmæli. Gunnar er maðurinn á bak við helstu dægurperlur Íslands, stofnaði bæði Hljóma og

Trúbrot og hefur vísast frá nógu að segja. Jafnframt hefur verið ákveðið að setja á laggirnar fjölmennigarundirbúnings hóp til að aðstoða við verkefnið. Þess má geta að vinabærinn Piteå ætlar að senda listafólk til Grindavíkur til að taka þátt í menningarvikunni, bæði tónlistarfólk og listmálara. Þá mun bókasafnið vera með sérstaka fjölpjódlega dagskrá í mennigarvikunni.

Síðast en ekki síst.....

Tilnefningar til Menningarverðlauna

Auglýst er eftir tilnefningum til Menningarverðlauna 2015. Óskað er eftir tilnefningum á netfangið thorsteinng@grindavik.is

Grindvíkingar, fyrirtæki, stofnanir, þjónustuaðilar og allir þeir sem hafa áhuga á menningu eru hvattir til þess að skipuleggja menningarviðburði í þessari skemmtilegu viku.

Til þess að komast í auglýsta dagskrá

Menningarvikunnar þarf að senda upplýsingar um viðburðinn á thorsteinng@grindavik.is, í síðasta lagi 25. febrúar nk.

Forvarnir

Ákveðið hefur verið að fara í skemmtilegt forvarnarverkefni sem heitir Hjólakraftur. Það er samstarfsverkefni Félagsmiðstöðvarinnar Þrumunnar og Þorvalds Daníelssonar og byggir á því að fá unglinga sem hafa ekki fundið sig í hefðbundnum íþróttum að vera með í

hjólræðaverkefni í þrjá mánuði. Verður það nánar kynnt síðar.

Nýtt íþróttamannvirki

Nú er lokaspretturinn við að ljúka byggingu á nýju íþróttamiðstöðinni. Vertaki átti að skila af sér í kringum síðustu áramót en nú á að hann að skila af sér um miðjan febrúar. Húsið verður hið glæsilegasta og verður ekki síður bylting fyrir UMFG og Kvenfélag Grindavíkur sem fær aðgang að félags- og skrifstofuaðstöðu.